

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 6/2009

frá 5. febrúar 2009

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 99/2008 frá 26. september 2008 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 203/2008 frá 4. mars 2008 um breytingu, að því er varðar gamítrómýsín, á III. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarks magn leifa dýrallyfja í matvælum úr dýraríkinu ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 542/2008 frá 16. júní 2008 um breytingu, að því er varðar sýflútrín og lektín úr rauðum nýrnabaunum (*Phaseolus vulgaris*), á I. og II. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarks magn leifa dýrallyfja í matvælum úr dýraríkinu ⁽³⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliðir bætist við í 14. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90) í XIII. kafla II. viðauka við samninginn:

- „– **32008 R 0203:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 203/2008 frá 4. mars 2008 (Stjtið. ESB L 60, 5.3.2008, bls. 18),
- **32008 R 0542:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 542/2008 frá 16. júní 2008 (Stjtið. ESB L 157, 17.6.2008, bls. 43).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (EB) nr. 203/2008 og 542/2008, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 309, 20.11.2008, bls. 21, og EES-viðbæti við Stjtið. ESB nr. 70, 20.11.2008, bls. 9.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 60, 5.3.2008, bls. 18.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 157, 17.6.2008, bls. 43.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 6. febrúar 2009 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 5. febrúar 2009.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Alan Seatter

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.